

AUGLÝSING

um skipulag í Hrunamannahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps deiliskipulag af frístundabyggð í landi Syðra-Langholts 4.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 74/1997.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Flúðum, 6. júlí 2001.

Loftur Þorsteinsson oddviti.

Nr. 572

-

10. júlí 2001

GJALDSKRÁ

fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra farandvinnuvéla, vinnuvéla, búvéla, lyftna, eimkatla og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum samkvæmt gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmiss konar aukabjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Fyrir skráningu og reglubundnar skoðanir farandvinnuvéla, vinnuvéla, lyftna, eimkatla og annarra tækja og þjónustu sem og útgáfu skírteina sem tilgreind er í viðauka 1 með gjaldskrá þessari skal greiða gjald sem reiknað er þannig að margfaldaður er saman fjöldi gjaldeininga sem tilgreindur er í viðauka 1 og gjald fyrir hverja einingu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 946.

Fyrir aukaskoðun sem þarf að framkvæma vegna vanbúnaðar sem kemur í ljós við reglubundna skoðun eða vanrækslu á að tilkynna um úrbætur skal greiða 75% af gjaldi reglubundinnar skoðunar.

Fari fram reglubundin skoðun á farandvinnuvélum, vinnuvélum, lyftum, eimkötllum eða öðrum tækjum utan reglulegs vinnutíma samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis greiðist 50% álag á skoðunargjald skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sé gasmæling, þrýstiraun eða önnur hliðstæð þjónusta framkvæmd utan reglulegs vinnutíma samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis eða skips skal hann greiða þann kostnað sem af slíku hlýst.

3. gr.

Fyrir umfangsmeiri mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis eða aðrar hliðstæðar athuganir skal eigandi eða umráðandi fyrirtækis greiða þann kostnað sem af mælingum hlýst.

4. gr.

Fyrir þátttöku í námskeiðum Vinnueftirlitsins skulu þátttakendur greiða gjöld vegna kostnaðar við framkvæmd hvers námskeiðsflokks fyrir sig.